



Byggingalistaverðlaun Akureyrar 2020

Gamall fræðimaður sagði einhvern tímann að byggingarlist væri fagurfræðileg mótun hins daglega veruleika. Sá veruleiki okkar flestra er bærinn eða bæjarmyndin annars vegar og heimilið hins vegar. Á þessum tímum sóttvarna og langrar heimavistar hefur mörgum eflaust orðið betur ljóst en áður hve gæði íbúðarinnar, umgjarðarinnar um heimilið, skipta miklu máli. Umgjörðin þarf m.a. að fela í sér vandað innra skipulag, fjölbreytta nýtingarmöguleika, falleg hlutföll og góð tengsl við umhverfið. Þessi gæði, sem eru ekki mælanleg á einhlítum kvarða, felast í samþættingu notagildis, tæknilegra gæða og fegurðar. Slík samþætting er kúnst, sem húsahönnuðir fást við í starfi sínu.

Byggingalistaverðlaun Akureyrar eru veitt árlega í samræmi við byggingarlistarstefnu bæjarins, sem samþykkt var 2001. Í stefnunni felst mikilvægur leiðarvísir fyrir alla þátttakendur í mótun hins daglega umhverfis; hönnuði, byggjendur og bæjarfélagið. Að þessu sinni er verðlaununum beint að útfærslu íbúða í fjölbýlishúsum til þess að vekja athygli á nokkrum þáttum sem skipta máli í okkar daglega veruleika. Í því felst hvatning bæði til hönnuða og byggjenda um að bæta gæði þeirra íbúða, sem framleiddar eru á Akureyri og almennings um að gera kröfur um þau gæði sem felast í góðri hönnun.

Hönnun fjölbýlishúsa á Akureyri hefur síðustu áratugi byggist á þremur meginlausnum; fjörbýlishúsum með útitröppum, samtengdum tvíbýlishúsum og svalagangshúsum af ýmsum stærðum þar sem flest og jafnvel öll svefnherbergi hafa glugga að svalagangi. Hver þessara húsagerða og fjölbýlishús almennt fela í sér ótal útfærslukosti, sem ekki hafa verið nægjanlega kannaðir eða nýttir af akureyskum hönnuðum og byggjendum. Hin ómælanlegu gæði íbúða eru ekki skilgreind í reglugerðum og koma því ekki til álita við mat á byggingarleyfum. Það er því algerlega undir metnaði og þekkingu byggjandans og hönnuðar hans komið hvort hönnun íbúða verði einföld krossgáta þar sem misstórum flötum er raðað inn í ákveðinn ramma eða hvort úr verði áhugaverð og falleg heild sem felur í sér þá eiginleika, sem stuðla að vellíðan og lífshamingju.

Fjölbýlishúsin við Halldóruhaga 8, 10, 12 og 14 eru tveggja hæða fjörbýlishús með útitröppum. Húsunum er skipt upp í tvíbýliseingar, tveim og tveim saman með opnum stigum á milli. Útistigar njóta skjóls undir þaki og á bak við rimlaverk og eru því ekki meginatriði í útliti húsanna eða götumyndinni. Húsaeingarnar eru skásettar þannig að þær mynda fjölbreytta og áhugaverða húsaröð, sem er undirstrikuð með sérstöku meginformi húsanna.

Innra skipulag felur í sér ákveðinn sveigjaleika í notkun rýma. Forstofa liggur að samveruhluta íbúða en ekki að privathluta þeirra s.s. svefnherbergisgangi. Sjónlínur eru í gegn um íbúðirnar bæði frá inngangi og eftir endilöngu á milli svala og götuhliðar. Auk rúmgóðs baðherbergis er lítil snyrting í hverri íbúð, sem er ótvíræður kostur og ætti að vera regla í stórum fjölbýlishúsaíbúðum. Rúmgóð geymsla hefur form og stöðu fullbúins íbúðarherbergis sem orkar tvímælis þar sem hún er dýrt rými og verði hún nýtt sem íbúðarherbergi verður íbúðin án geymslu. Útbyggður gluggi í stofu nýtist sem setkrókur en gluggarnir leika einnig hlutverk í útliti húsanna og vegna skásetningar þeirra standa þeir ekki beint andspænis hverjum öðrum. Svalir og verandir eru afmarkaðar í litlu skoti sem skýlir þeim og ásamt snúningi húsanna stuðlar að því að dvalarsvæði utandyra eru nánast án innsýnar frá öðrum íbúðum. Ekki er þak yfir svölum á efri hæðum, sem er galli. Skjól fyrir vindi, regni og innsýn eru grundvallaratriði fyrir dvalarsvæði utandyra á okkar breiddargráðu og styrkja tengsl íbúða við umhverfið. Skotið í útveggnum skiptir einning máli ef stofan er stækkuð á kostnað svefnherbergis þar sem það markar ákveðin hlutföll og skil í stækkuðu stofurými. Í þessu felst sveigjanleiki í notkun íbúðarinnar. Að öðru leyti eru íbúðirnar áþekkar því sem gengur og gerist í dag. Til dæmis eru stofa og eldhús saman án aðgreiningar í formi eða rýmismótun. Eldhúshluti stofunnar nýtur hins vegar dagsbirtu en í dag tíðkast gjarnan að eldhúsinnrétting sé innst í aflöngu alrými (stofu/eldhúsi) og langt frá útvegg.

Í ljósi umræðu um loftslagsmál og auðlindanýtingu er rétt að vekja athygli á að með því að leggja rækt við gæði íbúða, notagildi, tæknilega útfærslu og fegurð er stuðlað að sjálfbærni. Þannig er líklegt að íbúðir standist tímans tönn, mæti fjölbreyttum þörfum íbúanna, eldist vel og verði því nýttar af mörgum kynslóðum íbúa. Þeir sem ekki gæta að þessum grundvallaratriðum byggingarlistarinnar vinna gegn sameiginlegum markmiðum okkar og Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál og sjálfbærni. Með hliðsjón af þessum sjónarmiðum um gæði hins daglega veruleika í staðbundnu og hnattrænu samhengi er talin ástæða er til þess að vekja athygli á nýbyggingum sem eru vel leystar m.t.t. ytra forms og innra skipulags, þ.e. Halldóruhaga 8-14.

Hönnuður: Anna Margrét Hauksdóttir arkitekt FAÍ, AVH ehf.

Byggjandi: Bergfesta byggingarfélag

Faghóp Byggingalistaverðlauna Akureyrar árið 2020 skipa:

Þétur Ingi Haraldsson, Árni Ólafsson, Hanna Rósa Sveinsdóttir, Leifur Þorsteinsson